

COVID-19: Er fyrirtækið undirbúið?

Viðbragðsáætlanir í rekstri fyrirtækja



Útbreiðsla Corona veirunnar (COVID-19) skekur nú heiminn og er áhrifa farið að gæta víða. Mikil óvissa ríkir um þróun næstu vikna og fyrirtæki því farin að undirbúa viðbragðsáætlanir til að vernda starfsfólk sitt og starfsemi. Áskorunin er að sjá fyrir fjárhags-, rekstrar- og heilsufarslega áhættu til að draga úr mögulegum afleiðingum á fyrirtæki og samfélagið í heild sinni.

Hversu djúpstæð áhrif COVID-19 verða er m.a. háð hversu vel tekst að hemja útbreiðslu veirunnar, en gera má ráð fyrir að áhrifa muni gæta í rekstri flestra fyrirtækja. Því er mikilvægt að lágmarka möguleg áhrif og undirbúa aðstæður sem kunna að koma upp. Til að geta brugðist sem best við óvissum aðstæðum sem þessum er algengt að fyrirtæki leggi mat á áhættu félagsins og geri viðhlítandi viðbragðsáætlanir.

Dæmi um atriði til að huga að vegna COVID-19



Eftirspurn

- Hvaða áhrif hefur útbreiðsla á tekjur og sjóðstreymi?
- Hversu næm er eftirspurn og verðlagning fyrir gengisbreytingum og þróun verðlags?



Aðfangakeðjan/framleiðni

- Mun fyrirtækið finna fyrir töfum eða vöruskorti?
- Er hægt að gera ráðstafanir til að kaupa aðföng utan áhrifasvæða COVID-19?



Þjónusta

- Hvernig mun þjónusta skerðast ef veiran dreifist út meðal starfsmanna, viðskiptavina eða á starfstöð almennt?
- Hvernig mun þjónusta sem þitt fyrirtæki reidir sig á skerðast hvort sem hún er innanlands eða erlendis?



Starfsfólk

- Getur starfsfólk unnið að heiman? Hvaða áhrif hefur kostnaður vegna fjarvista?
- Er til viðbragðsáætlun vegna fjarvista starfsfólks í sóttkví?



Markaðurinn

- Hversu útsett er fyrirtækið gegn áhættu af hagkerfum heimsins?
- Er fyrirtækið útsett fyrir flökti á verði varnings, beint eða vegna afleiðna?

Hvernig getum við aðstoðað?

KPMG býður aðstoð við að ná góðri yfirsýn yfir þá áhættu sem felst í COVID-19 fyrir félagið, með eftirfarandi hætti:

01

Yfirferð á núverandi viðbúnaði sem nýtist við mildun áhættu vegna COVID-19, s.s. varðandi ársíðarbundnar flensur, aðfangakeðju og brotthvarf lykilstarfsmanna.

02

Á vinnustofu með stjórnendum er rýnt í mögulegar afleiðingar COVID-19 fyrir félagið. Farið er yfir mögulegar aðgerðir til að milda afleiðingar þeirra aðstæðna sem félagið stendur frammi fyrir.

Auk þess getum við m.a. aðstoðað við mótun og innleiðingu áætlunar um samfelldan rekstur (e. Business Continuity Plan) og samskiptaáætlunar, framkvæmt heildstæða áhættugreiningu á fyrirtækinu og lagt mat á fjárhagslegar afleiðingar COVID-19. Þjónusta okkar er aðlöguð að þörfum hvers félags.

Efnisatriði vinnustofu



Frekari upplýsingar veita:

Benedikt K. Magnússon
Partner
S: 545 6236
N: bmagnusson@kpmg.is

Benoit Chéron
Sérfræðingur
S: 545 6333
N: bcheron@kpmg.is

Sigurvin B. Sigurjónsson
Verkefnastjóri
S: 545 6112
N: sbsigurjonsson@kpmg.is

Gagnlegir tenglar:

<https://www.who.int/emergencies/diseases/novel-coronavirus-2019>
<https://www.almannavarnir.is>
<https://www.landlaeknir.is/>